

Nd.

492. Nefndarálit

um frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skulda-
bréfa.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn hefur eigi getað fallið á það með flutningsmönnum málsins, sem eru meiri hluti nefndarinnar, að rétt sé að samþykkja þetta frumvarp. Frumvarp svipaðs efnis hefur tvisvar áður legið fyrir Alþingi, en ekki náð afgreiðslu.

Á síðasta þingi sendi fjárhagsnefnd neðri deildar frv. til umsagnar bönkunum, og kom í ljós, að þeir voru allir mótfallnir samþykkt þess. Sama máli mun gegna um hverja einustu sparisjóðsstjórn í landinu, enda mundu slík lög hafa í för með sér mikinn aukinn rekstrarkostnað fyrir allar peningastofnanir landsins. Stjórn Landsbankans sendi sin mótmæli skriflega á síðasta þingi, og voru þau prentuð sem fylgiskjal með nefndaráliti meiri hluta fjárhagsnefndar í Alþingistíðindum 1940, A-deild, þskj. 521.

Sömuleiðis komu skrifleg mótmæli frá formanni og framkvæmdarstjóra Söfnunarsjóðs Íslands, sem einnig fylgdi sama nefndaráliti. Til þess að gera allar peningastofnanir landsins að skattheimtustofnunum, eins og ætlazt er til með þessu frv., þurfa að vera ríkar ástæður. Því hefur líka verið dreift út um landið af þekkingarlitlum og ófyrirleitnum mönnum, að á þessu sviði væru dregnir undan skattgreiðslu fleiri tugir milljóna króna. Hverjum manni, sem nokkuð fylgist með, hefur að visu verið auðsætt, að þar hafa herfilegustu blekkingar verið á ferðum. Minni hluti fjárhagsnefndar hefur aflað sér nokkurra upplýsinga um þetta, og vill taka fram um það þau atriði, er hér fara á eftir.

Samkvæmt reikningi Landsbankans fyrir árið 1939, en það er síðasti reikningur bankans, sem nú er prentaður, kemur í ljós, að Landsbankinn hefur látið rannsaka, hversu mikið sé til af vaxtabréfum (flokkabréfum) í landinu og hverjir séu helztu eigendur þeirra, og þá sýnir það sig, að til eru vaxtabréf í landinu, sem nema 48.8 milljónum króna, og eru þá talin þau verðbréf, sem eigi hafa verið seld til útlanda í heilum flokkum, eða sem sérstaklega umsamin lán.

Við athugun á því, hverjir séu helztu eigendur þessara bréfa, kemur það í ljós, að í höndum ríkis og opinberra sjóða, sem eru í vörzlum þess, bæjarsjóða og sjóða, sem eru í vörzlum þeirra, banka, sparisjóða og vátryggingarféлага eru kr. 32.1 milljón, en þær kr. 16.7 milljónir, sem afgangsu eru, eru þá í höndum minni stofnana og sjóða, eða einstaklinga, innlendra og erlendra.

Eftirtektarvert er það, að af þessum kr. 16.7 milljónum eru kr. 12.39 milljónir veðskuldabréf, sem tryggð eru með fasteignaveði, en millþinganefnd í skattamálum, sem lagði fyrir síðasta Alþingi frumvarp um vaxtaskatt, segir svo í greinargerðinni fyrir því, að telja verði, að skattheimtan í landinu hyggi á svo öruggum grundvelli innheimtu skatta af slíkum bréfum, að þar sé ekki umbóta þörf, enda mun það beinlínis að kenna vanrækslu skattheimtunnar, ef þar koma ekki öll kurl til grafar. Aðferð skattheimtunnar er þessi: Skuldarinn er krafinn sagna um það, hverjum hann skuldar, en ef hann getur ekki gefið það upp, er hann sjálfur krafinn um skatt af skuldinni.

Ef um handhafaskuldabréf er að ræða, þá er skuldari krafinn til sagna um það, hverjum hann greiði vexti og afborganir af skuldinni, og þannig er það augljóst mál, að ekkert af slíkum skuldabréfum getur farið á milli mála.

Þá eru eftir kr. 4.32 milljónir af verðbréfum, sem ekki er vitað, hvar eru niður komin, en samkv. reikningi Landsbankans er sagt, að fjárhæð þessi deilist niður á minni stofnanir, sjóði og einstaklinga, innlenda og erlenda. Nú er það vitað, að alls konar sjóðir, svo sem félagasjóðir og sjóðir smærri stofnana, eiga samanlagt stórar fjárhæðir í slíkum bréfum, og enn fremur er það vitað, að erlendir menn og fyrirtæki hafa á undanförunum árum keypt talsvert af verðbréfum hér fyrir fé, sem hefur frosið hér fast.

Það er því sannanlegt eftir reikningi Landsbankans og þeirri reynslu og þekkingu, sem fyrir hendi er um þetta mál, að ekki getur verið í eigu innlendra einstaklinga meir en 1—2 milljónir króna af áður nefndum verðbréfum. Hversu miklu af þeirri fjárhæð er leynt við framtal til skatts, skal ósagt látið, en gerum ráð fyrir, að það sé helmingur af hæst áætlaðri fjárhæð slíkra bréfa í einstaklinga eigu, eða um 1 milljón króna, þá mun rétt áætlað, að vextir af þessum verðbréfum séu 5%, og eru þá vextir af 1 milljón kr. 50 þúsundir, en frumvarpið gerir ráð fyrir, að 25% af þeirri upphæð skuli ganga til ríkisins sem skattur, og er þá hlutur ríkissjóðs kr. 12500.00.

Eru nú nokkrar líkur til, að sú fjárhæð mundi borga alla þá fyrirhöfn og óþægindi, sem af lögum þessum mundi leiða, ef þau yrðu samþykkt? Minni hluti nefndarinnar telur ekki líkur til þess.

Það, sem nú hefur verið sagt, er byggt á reikningi og rannsókn Landsbankans og þekkingu og reynslu þeirra manna í landinu, sem þessum málum eru kunnugastir.

Minni hlutinn leggur því til, að þetta frumvarp verði fellt.

Alþingi, 13. maí 1941.

Jón Pálmason, Stefán Stefánsson.
frsm.